

Erindisbréf starfshóps um hirðu, endurvinnslu og eyðingu sorps á Akranesi

Samningur sorpverktaka rennur út þann 31. desember árið 2022 en heimild er til að framlengja hann um tvö ár, eitt ár í senn, ef vilji er til þess hjá báðum aðilum. Í samningi felst sorphirða fyrir heimili, rekstur á móttökustöð og flutningur á sorpi. Fyrir liggja breytingar á fyrirkomulagi varðandi lífrænt sorp þess efnis að bannað verður að urða það frá og með árinu 2025 en urðun á almennu sorpi Akraneskaupstaðar þ.m.t. lífrænu sorpi hefur verið í Fíflholti.

Mikilvægt er að fyrir liggji heildstæð stefna hjá sveitarfélaginu í sorpmálum m.a. með tilliti til breytts lagaumhverfis og frekari áherslna er lúta að umhverfismálum.

Hlutverk og skil starfshóps

Meginverkefni starfshópsins verður að koma með tillögu að heildarstefnu sveitarfélagsins er varðar sorpmál. Með heildarstefnu skal sett fram tímasett og kostnaðargreind aðgerðaráætlun. Vinna starfshópsins mun síðan nýtast þegar samningur um sorphirðu og flutning verður boðinn út að nýju.

Við mótun stefnu í sorpmálum skal m.a. horft til eftirfarandi þátta:

- Lagaumhverfi sem þarf að uppfylla.
- Heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna, ellefta markmiðið tekur á sjálfbærum borgum og samfélögum þar sem undirmarkmiðið er m.a. aukin endurvinnsla og flokkun sorps. Þrettánda markmiðið snýr að aðgerðum í loftlagsmálum sem endurvinnsla og flokkun hafa einnig áhrif á. Þá hefur ríkisstjórn Íslands sett fram aðgerðaráætlun í loftlagsmálum og eru úrgangsmál einn af þeim þáttum sem þar eru settir fram.
- Umhverfisstefnu sveitarfélagsins.
- Skoða skal möguleika á hugsanlegu samstarfi við Sorpu eða aðra aðila s.s. vegna lífræns sorps.
- Hlutverk Fíflholta sem urðunarstaðar í framtíðinni.
- Kostnaðarþátta þ.e. áætlun kostnað Akraneskaupstaðar vegna sorpmála á Akranesi m.t.t. þeirra stefnu sem lögð verður fram.
- Önnur atriði.

Starfshópur starfar í umboði skipulags- og umhverfisráðs og bæjarráðs.

Verklag og skil á tillögum

Starfshópur skal funda að jafnaði á tveggja vikna fresti, eða eins oft og þurfa þykir. Starfshópurinn er launaður í samræmi við reglur bæjarfélagsins þar að lútandi. Starfshópur skal skrá í fundargerðir öll þau atriði og ákvarðanir sem skipta kunna máli í tengslum við störf hans. Fundargerðir starfshóps skulu undirritaðar af öllum nefndarmönnum og lagðar fram í skipulags- og umhverfisráði. Skil á tillögum sem að ofan greinir skulu liggja fyrir eigi síðar en 30. september 2020.

Fulltrúar í starfshóp:

Ragnar B. Sæmundsson (B) formaður

Geir Guðjónsson (S)

Ása Katrín Bjarnadóttir (S)

Einar Brandsson (D)

Karen Jónsdóttir (D)

Starfsmenn starfshóps:

Með nefndinni munu starfa Sindri Birgisson umhverfisstjóri og Jón Ólafsson verkefnastjóri. Ennfremur getur starfshópur kallað til þá sérfræðinga /embættismenn sem hann telur nauðsynlegt hverju sinni. Verði þörf á sérfræðivinnu skal hún kostnaðarmetin hverju sinni og lögð fram í bæjarráð til ákvörðunar.

Samþykkt í skipulags- og umhverfisráði 9. mars 2020.

Samþykkt í bæjarstjórn Akraness 14. apríl 2020.

Sævar Freyr Þráinsson
bæjarstjóri